

Alþingi
Erindi nr. P 149/1081
komudagur 20.2.2012



REYKJANESBÆR
reykjanessaer.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjanesbæ, 16. febrúar 2012
Tilvísun: 2012020122/15-10-000

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanessbæjar 16. febrúar 2012 var til afgreiðslu erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 3. febrúar s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar:

Reykjanesbær lýsir mikilli óánægju með þá tillögu sem samgönguráðherra hefur mælt fyrir til þingsályktunar um samgönguáætlun árunna 2011 til 2014. Í áætluninni er sett fram verkefnaáætlun og fjármögnun fyrir árin 2011 til 2014.

Samkvæmt samningum sem tengjast fjárfestingasamningi sem ríkið hefur gert vegna kísilvers í Helguvík skal Reykjaneshöfn hafa hafnaraðstöðu tilbúna á miðju næsta ári. Þrátt fyrir það er Reykjaneshafnar hvergi getið í þessari endurskoðun á samgönguáætluninni, en Reykjanessbær hefur ítrekað óskað eftir að hafnarframkvæmdir í Helgúvíkurhöfn komist inn á framkvæmdaáætlun í Samgönguáætlun árunna 2005-2008, 2007-2010, 2009-2012 og 2011-2014.

Eftirtalin bréf hafa verið send með skýrslugerð til Siglingastofnunar þess efnis:

Framkvæmdaáætlun 2005–2007 send 16.12. 2003.
Framkvæmdaáætlun 2007–2010 send 16.03. 2006.
Framkvæmdaáætlun 2009–2012 send 14.03. 2008.
Framkvæmdaáætlun 2011–2014 send 27.08. 2010.


Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
Póstfang 230
Sími: 4216700
Bréfasími: 4214667
reykjanessaer@reykjanessaer.is

Einnig hafa verið send bréf og heimsóknir farnar til Samgönguráðuneytisins vegna hafnarframkvæmdanna í Helguvík.

Vegna fyrirhugaðra atvinnuverkefna í Helguvík, sem byggja á notkun Helguvíkurhafnar mun Ríkið hafa yfir 12 milljarða kr. tekjur á ári hverju á uppbyggingartíma næstu 4–6 árin. Samkvæmt styrkveitingum til sambærilegra hafna áður, væri um að ræða 1,6 milljarða kr. án VSK framlag Ríkisins til Helguvíkurhafnar. Þessi beiðni er því enn ítrekuð.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar


Elísabet Magnúsdóttir
ritari bæjarsjóra